

Alþingi
Erindi nr. P 141/697
komudagur 22.11.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is
b/t allsherjar- og menntamálanefndar

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstöð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Frakkastígur 27, Húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk

Reykjavík, 22. nóvember 2012
HH2012R3.1U23

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 23. mál, frumvarp til laga á 141. löggjafarþingi.
Um breytingu á lögum um samningsveð, nr. 75/1997, með síðari breytingum
(fasteignaveðlán - lyklafrumvarpið)

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu sem hér um ræðir er það nú lagt fram í fjórða sinn. Á síðasta þingi var umrætt mál til umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar, og er umsögn samtakanna í þetta sinn efnislega samhljóða þeirri sem þá var veitt.¹

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi því að frumvarpið verði að lögum og óheimilt verði að leita fullnustu í veðkröfum vegna íbúðarhúsnæðis umfram verðmæti þess.

Samtökin vilja þó hvetja til þess að gengið verði lengra og eigið fé heimila sem bundið hefur verið í fasteignakaupum vegna eigin húsnæðis njóti sömu verndar og t.d. bankainnstæður. Þannig verði lánveitanda sem lána fyrir tilteknu hlutfalli kaupverðs gert óheimilt að leita fullnustu umfram samsvarandi hlutfall uppgjörsverðs við nauðungarsölu eða aðrar fullnustugerðir, en sá hluti kröfunnar sem er umfram samsvarandi hlutfall uppgjörsverðs skuli þá falla niður.

Til viðbótar við þessa ítrekun á tillögum samtakanna sbr. fyrri umsögn um sama mál, vilja samtökin skora á nefndarmenn og aðra þingmenn að láta ekki fjórða þingið líða hjá án þess að þetta brýna hagsmunamál verði afgreitt, að minnsta kosti í þeirri mynd sem það er nú þegar fram komið.

Sjá nánar meðfylgjandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

¹ <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=140&malnr=288&dbnr=1990&nefnd=am>

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins
(breytingartillögur Hagsmunasamtaka Heimilanna)**

1. gr.

Greinin orðist svo:


Lánveitanda, sem veitir neytanda lán gegn veði í fasteign sem ætluð er til lögheimilis, er ekki heimilt að leita fullnustu fyrir kröfu sinni í öðrum verðmætum lántaka en hinu lánaða nema krafa hafi orðið til vegna saknæmra athafna eða brota lántaka á lánareglum. Með hinu lánaða er átt við samsvarandi hlutfall af endanlegu uppgjörsverðmæti vegna fullnustugerðar við það hlutfall kaupverðs sem upphaflega var lánað fyrir til viðkomandi neytendakaupa. Krafa lánveitanda á neytanda skal falla niður, þó svo samsvarandi hluti af andvirði veðsins sem fæst við nauðungarsölu eða annað uppgjör í tengslum við fullnustuaðgerðir nægi ekki til fullnaðargreiðslu hennar ásamt áföllnum lántökukostnaði og álögðum gjöldum af hálfu lánveitanda.

2. gr.

[Samtökin gera engar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins.]

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Guðmundur Ásgeirsson, varaformaður